



Reykjanesbær, 15. september 2022

Mál nr. 2022090295

**Efni: Umsókn um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007**

Meðfylgjandi er umsókn Rosasmíði ehf., kt. 701020-1110, um leyfi samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, til reksturs gististaðar í flokki II að Vesturgötu 36, Reykjanesbæ. Gestafjöldi er 4 manns.

Vakin er athygli á því að umsóknin þarf að fara til afgreiðslu í bæjarráði Reykjanesbæjar 18. október nk. og er þess því óskað að umsögn verði send Reykjanesbæ eigi síðar en 10. október.

f.h. Reykjanesbæjar

*Íris Andrea Guðmundsd.*

Íris Andrea Guðmundsdóttir

Skjalavörður

Umsagnarbeiðni er send eftirtöldum aðilum:

- Byggingarfulltrúa
- Heilbrigðiseftirliti
- Slökkviliði

Eftirfarandi þarf að koma fram:

Byggingarfulltrúi þarf að staðfesta

- hvort starfsemin sé í samræmi við byggingarleyfi og skipulagsskilmála
- hvort það hafi farið fram lokaúttekt á húsnæðinu
- að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um.

Heilbrigðisfulltrúi þarf að skoða hvort starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli og þegar við á mat heilbrigðisnefndar á grenndaráhrifum starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist.

Slökkvilið þarf að kanna hvort kröfum um brunavarnir sé fullnægt skv. mati slökkviliðs.

**Ráðhús Reykjanesbæjar**

Tjarnargata 12  
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700

reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

S

[www.reykjanesbaer.is](http://www.reykjanesbaer.is)

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni



## Reglur um gistiheimili á íbúðasvæðum í Reykjanesbæ

Gátlisti

Juan P R Mota/Rosasmíði ehf

dags

18.4.2022

Staður

Vesturgata 36

Já

Nei

		Já	Nei	
Gististaður í Flokki II hámark 10 gestir	Gestafjöldi 4			
Aðalskipulag	Íbúðasvæði	x		ÍB1
	miðsvæði		x	
	Verslun og þjónusta		x	
Einbýli		x		
Parhús			x	
Raðhús			x	
	Meðeigendasamþykki			
Fjölbýli	Sami eigandi að öllum íbúðum			
1 stæði á íbúð og 1 stæði fyrir hver 4 gistirými	á lóð		3	2
	nærliggjandi lóð		0	
umsögn	öll skilyrði uppfyllt			

1. Reglugerðin um gistiheimili á við gististaði í flokki II skv reglugerð nr 1277/2016
2. Minni gistiheimili miðast við að fullorðnir gestir séu ekki fleiri en 10.
3. Minni gistiheimili eru heimil með skilyrðum í sérbýli, einbýli par- og raðhúsum en eru ekki heimil í fjölbýlishúsum, nema sami eigandi sé að öllum íbúðum í húsinu.
4. Meðeigendasamþykkis er krafist vegna raðhúsa og parhúsa. Séu fleiri en einn eigandi einbýlishús er einnig krafist samþykkis allra eigenda.
5. Bílastæði skulu vera innan lóðar, annars sérstaklega um þau samið. Fjöldi bílastæða miðist við 1 stæði á íbúð og 1 stæði fyrir hver 4 gistirými.
6. Heimilt er að samnýta bílastæði á nærliggjandi lóðum með samþykki lóðarhafa
7. Erindi berist umhverfis og skipulagsráði sem ákvarði um heimild sem er staðfest af bæjarstjórn. Umgjörð og ferill er sambærilegur við grenndarkynningu, 44.gr 2. og 3. mgr. skipulagslaga nr 123/2010
8. Við endurnýjun starfsleyfis eða endurskráningu verði ákvörðun um heimild fyrir rekstri gistiheimilis endurskoðað og metið hvort aðstæður í nágrenni og forsendur heimildar hafi breyst.